

Morgunblaðið þriðjudaginn 25. febrúar, 2003 - Menningarlíf

Það er engin flaututónlist betri en sönötur Bachs

Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og Jory Vinikour semballeikari flytja flautusönötur J.S. Bachs í heild sinni á tvennum tónleikum í Salnum í kvöld og á morgun. **Inga María Leifsdóttir** hitti þau að máli og fræddist um flaututónlist meistarans.



Áshildur Haraldsdóttir og Jory Vinikour leika öll verk Bachs fyrir flautu og sembal á tvennum tónleikum.

FLAUTUSÓNÖTUR J.S. Bachs verða fluttar í heild sinni á Tíbrár-tónleikum í kvöld og annað kvöld í Salnum í Kópavogi kl. 20. Flytjendur eru Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og bandaríski semballeikarinn Jory Vinikour. Um er að ræða sjö sönötur fyrir flautu og sembal, auk Partítu í a-moll fyrir einleiksflautu.

"Við Jory höfum unnið saman áður, fyrst í New York þegar við vorum þar bæði við nám, en svo hittumst við í París. Þá vorum við bæði flutt þangað og unnum saman þar. Ég hafði lengi velt fyrir mér þeirri hugmynd að gaman væri að sökkva sér niður í þessar sönötur, allar í einu. Það hefur líka verið mjög lærdómsríkt að spila með Jory, af því að hann kemur úr barokktónlistarheiminum og hefur allt aðra sýn á þessa tónlist en ég. Mér finnst ég eiginlega vera búin að fá námskeið í leiðinni í þessum sönötum!" segir Áshildur.

Hún segir sönötur Bachs vera nokkuð sem flautuleikarar fáist við allan sinn feril, og hún hafi leikið allar sjö sönötur, auk partítunnar, áður. "Partítan er til dæmis verk sem maður er að kljást við alla sína ævi, en ég veit ekki hvort maður nær henni nokkurn tíma alveg á vald sitt. Bach er mjög krefjandi fyrir flautuleikara, það er eins og hann geri ekki ráð fyrir að það sé blásari sem á að leika. Það eru til dæmis hvergi staðir til að anda, þannig að maður er því alla ævi að reyna að finna einhverja leið."

Tvær tegundir sónatna

Að beiðni blaðamanns útskýrir semballeikarinn Jory Vinikour stuttlega hvers konar tónlist flautusönötur Bachs eru. "Þetta er kammertónlist, innileg, sem snýst mikið um samtal milli hljóðfæranna tveggja, sembalsins og flautunnar. Partítan er líka mjög sérstakt stykki, þar sem hún er dæmi um mjög dramatískan einleik," segir hann og Áshildur tekur undir. "Sönötur eru tvenns konar," heldur hann áfram. "Annars vegar þannig að semballhlutinn er skrifaður út fyrir báðar hendur, líkt og í einleikstónlist. Hins vegar þannig að einungis bassalínan er skrifuð út fyrir sembalinn, sem er mjög algeng aðferð í barokktónlist," segir hann og Áshildur skýtur íslenska hugtakinu inn: Tölusetur bassi. "Þá eru skrifaðar tölur, sem segja

semballeikaranum hvaða hljóma hann á að leika. Það má segja að þarna sé eins konar upphaf djassins - þar sem ramminn er gefinn, en spunnid í kring. Þessar tvær tegundir sónatnanna eru mjög ólíkar," segir hann.

Áshildur bætir við að góður semballeikari geti þannig nýtt sér andrúmsloft kvöldsins í verkinu. "Ég hef alla trú á Jory í þannig vinnu," segir hún og hlær. Þau segja Bach hafa skrifað mikið út af spuna og skreytingum sem voru algengar í tónlist þessa tíma, og í raun sé flautuleikaranum ekki gefið mikið svigrúm fyrir neitt slíkt, ólíkt semballeikaranum. "Það þarf nánast ekki að bæta neinu við. Sum önnur tónskáld þessa tíma gefa einleikaranum mikið svigrúm, en Bach er í raun alls ekki þannig."

Það þykir nokkur viðburður í íslensku tónlistarlífi að flaututónlist Bachs í heild sinni hljómi á tveimur kvöldum. Áshildur segist þó muna til þess að slík dagskrá hafi áður verið flutt hér á Íslandi, þá af Manuelu Wiesler og Helgu Ingólfssdóttur. "En þetta er ekkert sem maður gerir oft, þó þetta sé skemmtilegt og mjög lærdómsríkt. Mér finnst ég alveg geta sagt í dag að þessi verk séu það besta sem skrifað hefur verið fyrir flautu - ef maður getur notað þau orð. Að minnsta kosti getur ekkert verið betra en þær, bara verið öðruvísi. Engin sónata Bachs er heldur betri en önnur, þær eru bara ólíkar," segir hún að lokum.

Hvalreki fyrir Ísland


Áshildur Haraldsdóttir nam flautuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk síðan háskólaprófum frá The New England Conservatory of Music, Juilliard skólanum í New York og Konservatoríinu í París. Hún hefur unnið til verðlauna í fjórum alþjóðlegum tónlistarkeppnum og hljóðritað fjóra einleiksgeisladiska. Auk þess að koma reglulega fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur hún leikið einleik með hljómsveitum í Ameríku, Evrópu og Afríku.

Jory Vinikour vann til fyrstu verðlauna í alþjóðlegu harpsichord keppnunum í Varsjá (1993) og Prag (1994). Við þessa viðburði hófst ferill hans sem einleikari en hann hefur til dæmis komið fram með Rotterdam Fílharmóníunni, Flanders Óperu Fílharmóníunni, Ensemble Orchestre de Paris og Fílharmóníu Franska útvarpsins. Undanfarið hefur orðspor Jorys sem meðleikara aukist mjög, t.d. fyrir leik sinn með söngkonunni Anne Sofie von Otter. Geisladiskur hans með Goldberg-tilbrigðunum eftir Bach sem Delos International gaf út árið 2001 hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda og var valinn einn af 10 bestu diskum ársins af Chicago Tribune-dagblaðinu.

Kristinn Sigmundsson óperusöngvari hefur fengið sér miða á tónleikana, en að hans sögn er Vinikour einn færasti semballeikari heims um þessar mundir. "Við unnum saman fyrir tveimur árum í París og hann er mikill snillingur, að mínum dómi. Hann er með magnaðri músíkóntum sem ég hef kynnst," segir Kristinn. "Allir sem hafa eyru og eitthvað á milli þeirra ættu að fara og hlusta á hann og Áshildi, sem eru frábær, bæði tvö. Það er hvalreki fyrir okkur að fá hann hingað."

ingamaria@mbl.is

Morgunblaðið mánudaginn 3. mars 2003 - Tónlist



TÓNLIST - Hallgrímskirkja / Salurinn

Með andans innileik

KÓRTÓNLEIKAR / KAMMERTÓNLEIKAR

Schola cantorum og fleiri fluttu Berlínarmessu eftir Arvo Pärt og Chichestersálma eftir Leonard Bernstein undir stjórn Harðar Áskelssonar í Hallgrímskirkju, sunnudag 23.2 kl. 17. Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og Jory Vinikour samballeikari fluttu flautuverk eftir Jóhann Sebastian Bach í Salnum, þriðjudags- og miðvikudagskvöld kl. 20.

AÐ hverju eru tónskáld að leita með því að semja tónlist? Leita þau yfirleitt einhvers? Er einhver sérstök meaning eða merking á bak við tóna og hljóð sem eru skipulögð eftir geðþótta tónskálds til þess að verða að því sem við köllum tónverk? Hvar er snertiflöturinn milli þess sem tónskáld upplifir við smíði verka sinna og þess sem hlustandinn upplifir? Það er auðvelt að segja að hann liggir í flutningi verksins, þessum magnaða miðli sem túlkar hugsanir skaparans yfir til þess vill ýmist bara njóta eða skilja einhverri dýpri músíkalskri merkingu - eða hvort tveggja. En eitthvað meira liggur að baki. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvernig fólk heyrir tónlist, og hvernig upplifun þess tengist "ætlunum" tónskálds. Það er sem sagt hægt að hlusta á tónlist á ýmsa vegu; - allt frá því að "heyra" hana, án þess að hún hafi nokkur sérstök áhrif á þann sem heyrir, - til þess að hlusta á hana og njóta hennar sem sterkrar tilfinningalegrar upplifunar, og enn frekar til þess að hlusta á hana með tónfræðilegum skilningi - skilja eitthvað af þeim tónhugmyndum sem tónskáldið er að fást við. Flestir þeir sem sækja tónleika vegna ástar á tónlist, upplifa hana á tilfinningalega máttann; - geta notið hennar sem merkingarfullrar reynslu tilfinninganna. Forsenda þess að það geti gerst, er sú að snertiflöturinn milli tónskálds og hlustanda, - flutningurinn sjálfur, sé þess eðlis að þar sé allt lagt í sölurnar til að hugmyndir tónskáldsins skili sér sem best til hlustandans. Með öðrum og einfaldari orðum, - tónlistar verður ekki fullkomlega notið, nema flutningur hennar sé góður.

Á þrennum tónleikum í vikunni sem leið hafa tónleikagestir geta vitnað um þetta á sérstaklega áhrifamikinn hátt. Á sunnudag fyrir viku söng Schola cantorum tvö kórverk í Hallgrímskirkju, Berlínarmessu eftir Arvo Pärt og Chichestersálma eftir Leonard Bernstein. Með kórnum lék Mattias Wager á orgel, og í seinna verkinu bættust við, Elísabet Waage á hörpu, Steef van Oosterhout á slagverk, og ekki síst Ísak Ríkharðsson drengjasópran. Milli kórverkanna spanna Wager litla fantasíu á orgelið, byggða á stefjum úr þeim báðum, og tengdi þau þannig saman á fallegan og persónulegan hátt.

Berlínarmessa Pärts hófst á þungum og djúpum orgeltóni, sem gaf strax vísbendingu um alvarleika og dýpt verksins sjálfs. Kórinn kom inn sindrandi tært og hreint og söng íhugulan Kyrieþáttinn að anda hlustandans var strax lyft í hæðir. Áköf og hraðari Glorian var tilþrífamikil í flutningi kórsins. Einsöngvarar kórsins í Alleluia þáttunum sungu skínandi fallega og í Veni sancte spiritus, - Kom heilagur andi, var söngur kórsins góður, þrátt fyrir örlítill "óhreinindi" í versinu Sine tuo numine. Kraftmikil trúarjátningin í messu Pärts, - Credo, reyndist mikilfengleg smíð, og í Sanctuskafla var dregin fram krúmmhornsrödd í orgelinu

sem ýtti enn frekar fram forna og helga stemmningu verksins. Niðurlagið, sem lauk á sama þunga orgelpunktinum og heyrðist í upphafi, var áhrifamikið.

Chichester-sálmar Bernsteins eru allt annars konar verk. Þar er ekki leitað að áhrifamætti gegnum þann forna tærleika sem Pärt er þekktur fyrir, - heldur er allt litróf tilbeiðslu spannað í einstaklega fjörmikilli músík. Verkið er hreint út sagt unaðslegt í gleði sinni og hér skipti ekki síður máli hvað flutningur kórsins og hljóðfæraleikaranna var frábær. Einsöngvarinn, Ísak Ríkharðsson var þó stjarna verksins, og söng svo undurfallega og blítt, - það er sjaldgæft að heyra barn syngja af slíku næmi og tilfinningu fyrir tónlistinni. Þessi augnablik voru ekki síður upphafin en þau í fyrra kórverkinu. Þótt hvorugt þessara tónskálda dragi beinlínis músíkalskan dóm af meistara andlegu kórtónlistarinnar, Jóhanni Sebastian Bach, - þá eiga verk þeirra á þessum tónleikum þó bæði það sammerkt með verkum Bachs, - að hafa til að bera þann innblástur og andríki sem verður hlustandanum að mikilli músíkupplifun í góðum flutningi. Hörður Áskelsson og Schola cantorum stóðust það próf með miklum glans. Þetta voru ekki langir tónleikar - aðeins um klukkustund, en alveg nógu langir til að nesta andann vel til vikunnar.

Hafi það andans brauð þorrið á mánudegi, - var ekki lengur að biða en til þriðjudags- og miðvikudagskvölds eftir næsta skammti, þegar Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og Jory Vinikour semballeikari léku öll flautuverk Jóhanns Sebastians Bachs á tvennum tónleikum í Salnum. Það þarf mikinn kjark og dug að ráðast í það metnaðarfulla verkefni að flytja öll flautuverk Bachs, sex sönötur fyrir flautu og sembal og partítu fyrir einleiksflautu á tvennum tónleikum, tvö kvöld í röð. Ekki það að það sé endilega svo mikið flóknara að spila tónlist Bachs en aðra, - hún getur þó vissulega verið erfið, - heldur vegna þess að verk hans eru svo endalaus glíma við andann, - það býr svo margt í henni. Verk Bachs krefjast þess að vera vel flutt. Af þeim átta verkum sem Áshildur og Vinikour léku deila tónlistarfræðingar enn um uppruna þriggja, og hafa efast um að þau séu eftir Bach sjálfan og talið þau jafnvel vera höfundarverk næst elsta sonar hans, Carls Philips Emanuels Bach. Þau gætu þó allt eins verið eftir elsta soninn, Wilhelm Friedemann sem var uppáhald þabba síns og góður flautuleikari. En í dag virðast vangaveltur um uppruna verkanna nánast óþarfar. Þau urðu til, - voru samín, - eru hvert um sig hrein og klár perla, og það eitt skiptir máli. Verkin sverja sig þó mismikið í barrokkstílinn, - sönöturnar sumar samdar í hinum eldri fjögurra þátta kirkjustíl, en aðrar í þriggja þátta kammerstíl. Sú fyrsta sem þau Áshildur og Vinikour léku, Es-dúr sónatan BWV 1031 er jafnframt svo miklu nær því að vera klassískt verk í heiðríkjustíl sínum, en barrokkverk, að hún gæti þess vegna gefið fræðingum tilefni til að feðra hana til sona Bachs.

Tónleikar Áshildar og Vinikours standa ekki bara upp úr tónleikum síðustu daga sem minnisvarði um dásamlega flaututónlist Bachs. Þeir gera það ekki síður fyrir frábæran leik þeirra og músíkalska túlkun. Það telst til sérstaks fags innan tónlistarinnar að stúdera túlkunarmáta tónlistar Bachs. Þar velta menn vöngum yfir öllu mögulegu, allt frá því hvernig eigi að útfæra tölusettan bassa, eins og í nokkrum þessara verka - þar sem semballinn hefur eingöngu bassalínu að styðjast við og svo númer sem gefa vísbendingu um hvaða hljóma tónskáldið ætlaðist til að væru spilaðir með; - til þess að rannsaka skraut, og stúdera hendingamótun, - til dæmis það hvernig eigi að spila tónstiga og tónaraðir sextánudupartsnótina - hvar eigi að binda saman nótur og hvar eigi að spila þær stakar - legato og staccato á tónlistarmáli. Það sem einkenndi leik Áshildar og Vinikours fyrst og fremst var hve þau völdu alltaf músikölskustu leiðina í gegnum þessar leikþrautir. Val þeirra var: "eins og það hljómar best. Í því ljósi verða fræðin öll skuggi sem ekki þvælist fyrir flutningnum, heldur eðlilegur hluti spilamennskunnar. Samspil þeirra tveggja var frábært, og engu líkara en þau hefðu æft saman árum saman, slík var tilfinning þeirra hvors fyrir öðru. Það er ekki auðvelt að tína til eitthvað sem öðru fremur stóð upp úr, eða það sem var öðru lakara. Sicilianan í Es-dúr

sónötunni var unaðslega fallega spiluð, og allegróþáttur g-moll sónötunnar glitraði af spilagleði. Prestoþátturinn í h-moll sónötunni er svo hraður, að þar hlýtur að vera erfitt að móta hendingar, en það gerðu þau þó fullkomlega og fallega. Í allegróþætti E-dúr sónötunnar á seinni tónleikum kristallaðist frábært samspil Áshildar og Vinikours, - þau önduðu sem eitt hljóðfæri. Sicilianan í sömu sónötu var það eina sem maður getur ímyndað sér að hefði geta verið betra. Hún var broti of hæg, - of hæg til að vaggandi hrynjandin næði að skila sér. Leikur Áshildar í einleikspartítunni var ekkert minna en afrek. Heildarsvipur tónleikanna beggja var góður og ljóst að mikil vinna lá að baki þessum framúrskarandi leik.

Á þrennum ofangreindum tónleikum var það ekki síst ánægjuefni hve vel tókst til með leik og söng. Tónverk verður ekki til bara fyrir það að vera samið; - það þarf að miðla því og einhver þarf að hlusta. Þessi þriðja eining tónskálds, flytjanda og hlustanda getur gildið fyrir það að tónverk sé ekki nógu gott, - að flutningur þess sé ekki nógu góður, - eða að enginn hlusti. Á þessum tónleikum voru fyrri þættirnir tveir eins og þeir geta best orðið, - verkin góð og flutningur frábær. Hvað þennan hlustanda áhrærir var upplifunin í takt við það.

Bergþóra Jónsdóttir